

REGLUR

um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna aðila sem veita gjaldeyrisskiptaþjónustu og þjónustuveitenda sýndareigna.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um framkvæmdastjóra og stjórnarmenn aðila sem veita gjaldeyrisskiptaþjónustu og þjónustuveitenda sýndareigna.

Með framkvæmdastjóra er átt við einstakling sem stjórn aðila skv. 1. mgr. ræður til þess að standa fyrir rekstri þess. Með stjórnarmönnum er átt við aðalmenn og varamenn í stjórn.

2. gr.

Hæfi og hæfni.

Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn skulu uppfylla þær hæfiskröfur sem gerðar eru til þeirra í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Aðilar sem veita gjaldeyrisskiptaþjónustu og þjónustuveitendur sýndareigna skulu hafa skjalfesta stefnu og verklag til að tryggja að framkvæmdastjórar og stjórnarmenn séu á hverjum tíma hæfir og hafi hæfni til að sinna starfi sínu á tilhlýðilegan hátt.

3. gr.

Tilkynning um nýja framkvæmdastjóra eða stjórnarmenn.

Aðilar sem veita gjaldeyrisskiptaþjónustu og þjónustuveitendur sýndareigna skulu tilkynna fjármálaeftirlitinu fyrir fram, ef hægt er, þó eigi síðar en innan viku, um breytingar á ráðningum framkvæmdastjóra og skipan stjórnarmanna.

Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn skulu skila fjármálaeftirlitinu eftirfarandi gögnum eigi síðar en tveimur vikum eftir ráðningu framkvæmdastjóra eða skipan nýrra stjórnarmanna:

- Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila samkvæmt spurningalista fjármálaeftirlitsins.
- Upplýsingum um fjárhagsstöðu, ef við á, m.a. um heildareignir, skuldir yfir 2 milljónum króna, tekjur, gjöld, ábyrgðir, veðsetningu eigna til þriðja aðila, vanskil og annað sem framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður telur að skipt geti máli við mat á fjárhagslegu sjálfstæði samkvæmt eyðublaði fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir frekari gögnum en að framan greinir ef það er nauðsynlegt vegna mats á hæfi og hæfni aðila.

Ef upplýsingar samkvæmt framangreindu eru ófullnægjandi að mati fjármálaeftirlitsins getur það leitt til þess að ekki verði unnt að leggja mat á hæfi og hæfni aðila. Skal farið með þá aðila líkt og aðila sem ekki uppfylla hæfisskilyrði viðeigandi laga, sbr. 15. gr. reglna þessara.

II. KAFLI

Hæfisskilyrði.

4. gr.

Mat á hæfi og hæfni.

Mat á hæfi og hæfni felst annars vegar í yfirferð skriflegra gagna og hins vegar munnlegu hæfismati þegar það á við, sbr. III. og IV. kafla reglna þessara.

Yfirferð skriflegra gagna, sbr. I. kafla reglna þessara, felst í athugun á því hvort framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður uppfylli m.a. kröfur 1. mgr. 37. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, um:

- lögræði,
- gott orðspor,
- að hafa ekki á síðustu fimm árum verið úrskurðaður gjaldþrota,

- d. að hafa ekki á síðustu 10 árum hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt lögum sem upp eru talin í b-lið 1. mgr. 37. gr. laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
- e. fjárhagslegt sjálfstæði,
- f. þekkingu, hæfni og reynslu sem nýtist í starfi.

5. gr.

Þekking, hæfni og reynsla sem nýtist í starfi.

Með þekkingu, hæfni og reynslu sem nýtist í starfi er átt við að framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður hafi aflað sér starfsreynslu eða fræðilegrar þekkingar sem tengist starfsemi félagsins, ásamt þekkingu á viðeigandi regluverki sem um starfsemina gildi.

Við mat á nægilegri þekkingu, hæfni og reynslu er höfð hliðsjón af tegund, umfangi og eðli starfsemi þess félags sem um ræðir.

6. gr.

Gott orðspor.

Við mat á góðu orðspori er litið til þess hvort framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður hafi sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni viðkomandi til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að líkur séu til að hann muni misnota aðstöðu sína eða skaða félagið.

Við matið er einnig litið til háttsemi framkvæmdastjóra eða stjórnarmanns sem kynni að rýra trúverðugleika hans og skaða orðspor félagsins ef opinber væri. Í því sambandi koma m.a. til skoðunar fyrri afskipti fjármálaeftirlitsins vegna starfa aðila eða vegna starfshátta eftirlitsskylds aðila sem hann var í forsvari fyrir eða bar ábyrgð á og hvort fyrri háttsemi hafi gefið tilefni til ávirðinga á hendur aðila.

7. gr.

Fjárhagslegt sjálfstæði.

Við mat á fjárhagslegu sjálfstæði er litið til eftirfarandi atriða:

- a. Að eiginfjárstaða viðkomandi sé jákvæð.
- b. Að tekjur viðkomandi standi undir afborgunum af skuldum og framfærslu.
- c. Að viðkomandi sé ekki á opinberri vanskilaskrá.
- d. Að skuldir, ábyrgðir gagnvart þriðja aðila og veðsetning eigna séu ekki þess eðlis að efast megi um óhæði gagnvart lánveitanda/kröfuhafa og það sé ekki líklegt til að hafa áhrif á störf hans í viðkomandi félagi. Við mat á því hvort framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður teljist háður öðrum er horft til þess hvort skuldbindingin, með hliðsjón af árstekjum, teljist veruleg. Undanskildar skuldbindingar samkvæmt þessum lið eru hefðbundin lán sem standa almenningi til boða t.d. íbúðalán, bílalán og námslán.
- e. Annarra atriða en að framan greinir er varða fjárhagsstöðu eða fjárhagsskuldbindingar og máli geta skipt að mati fjármálaeftirlitsins.

8. gr.

Mat á fjárhagslegu sjálfstæði.

Framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður telst fjárhagslega sjálfstæður ef hann uppfyllir skilyrði allra staflíða 7. gr. reglna þessara.

Ef framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður uppfyllir ekki skilyrði a- eða b-liðar 7. gr. er litið til eiginfjárstöðu og tekju- og greiðsluflæðis til framtíðar með tilliti til þess hvort viðkomandi geti staðið við skuldbindingar sínar.

Við mat á d-lið 7. gr. er litið til þess hvort líkur séu til þess að framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður yrði ítrekað vanhæfur til að taka þátt í afgreiðslu mála, að teknu tilliti til ákvæða laga, reglna og annarra viðmiða þar að lútandi.

Með öðrum atriðum skv. e-lið 7. gr. er átt við atriði sem hafa veruleg áhrif á fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra, þ. á m. atriða sem leiða til ítrekaðs vanhæfis, sbr. 3. mgr.

III. KAFLI

Munnlegt hæfismat.

9. gr.

Munnlegt hæfismat framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri skal undirgangast hæfismat innan sex vikna frá því að fjármálaeftirlitið hefur lokið yfirferð skriflegra gagna samkvæmt II. kafla reglna þessara.

Munnlegu hæfismati er ætlað að kanna hvort framkvæmdastjóri búi yfir nægilegri þekkingu, hæfni og reynslu sem nýtist í starfi. Í munnlegu hæfismati er m.a. könnuð þekking aðila á þeirri starfsemi sem viðkomandi félag stundar ásamt þekkingu á viðeigandi regluverki sem gildir um starfsemi félagsins.

Við framkvæmd munnlegs hæfismats getur fjármálaeftirlitið notið aðstoðar utanaðkomandi aðila, s.s. við mat á þekkingu.

10. gr.

Boðun í munnlegt hæfismat.

Til hæfismats skal boðað skriflega með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og tilgreina hvaða efni verður til umræðu. Boðuðu hæfismati verður ekki frestað nema sýnt sé fram á að ríkar ástæður liggja fyrir og almennt skal því ekki frestað lengur en um eina viku.

11. gr.

Niðurstaða munnlegs hæfismats.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort framkvæmdastjóri hafi í munnlegu hæfismati sýnt fram á nægilega þekkingu, hæfni og reynslu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt.

Fjármálaeftirlitið tilkynnir framkvæmdastjóra og stjórn viðkomandi aðila skv. 1. gr. skriflega um niðurstöðu hæfismats innan tveggja vikna frá framkvæmd þess.

12. gr.

Endurtekning munnlegs hæfismats.

Hafi framkvæmdastjóri að mati fjármálaeftirlitsins ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu á því efni sem var til umræðu í hæfismati er honum gefinn kostur á að endurtaka munnlega hæfismatið innan fjögurra vikna frá því að niðurstaðan liggur fyrir.

Hæfismat verður einungis endurtekið einu sinni, nema sérstök rök leiði til annars.

13. gr.

Undanþágur frá munnlegu hæfismati.

Hafi framkvæmdastjóri á síðastliðnum 12 mánuðum sinnt starfi framkvæmdastjóra félags með sömu tegund skráningar að sambærilegri stærð og umfangi og staðist hæfiskröfur fjármálaeftirlitsins vegna þess starfs getur hann óskað eftir undanþágu frá munnlegu hæfismati.

Beiðni um undanþágu skal fylgja ítarlegur rökstuðningur sem skal studdur viðeigandi gögnum.

Fjármálaeftirlitið getur óskað viðbótarupplýsinga ef þörf krefur.

IV. KAFLI

Munnlegt hæfismat stjórnarmanna.

14. gr.

Munnlegt hæfismat stjórnarmanna.

Fjármálaeftirlitið metur hvort stjórnarmenn skuli gangast undir munnlegt hæfismat.

Ákvæði III. kafla reglna þessara gilda eftir því sem við á um munnlegt hæfismat stjórnarmanna.

V. KAFLI

Niðurstaða mats á hæfi og hæfni og viðvarandi mat.

15. gr.

Niðurstaða mats á hæfi og hæfni.

Gerir fjármálaeftirlitið ekki athugasemd við hæfi og hæfni framkvæmdastjóra eða stjórnarmanns með vísan til hæfisskilyrða laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglna þessara skal það tilkynnt viðkomandi og stjórn félagsins skriflega. Telji fjármálaeftirlitið að framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður uppfylli ekki hæfisskilyrði laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og ákvæði reglna þessara eða ef ekki er unnt að leggja mat á hæfi viðkomandi samkvæmt 4. mgr. 3. gr. reglna þessara tilkynnir það viðkomandi og stjórn félagsins skriflega um niðurstöðu sína ásamt rökstuðningi.

Framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður sem uppfyllir ekki hæfisskilyrði laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglna þessara er óheimilt að gegna starfi framkvæmdastjóra eða sitja í stjórn aðila sem veitir gjaldeyrisskiptabjónustu eða þjónustuveitanda sýndareigna. Hafi framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður hafið störf fer um heimildir fjármálaeftirlitsins samkvæmt 10. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

16. gr.

Viðvarandi mat á hæfi.

Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn skulu á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og ákvæði reglna þessara. Í því skyni ber þeim að viðhalda þekkingu sinni og afla sér nýrrar þekkingar eftir því sem tilefni er til.

Verði breytingar á áður veittum upplýsingum sem geta haft áhrif á hæfi og hæfni framkvæmdastjóra eða stjórnarmanna ber viðkomandi að tilkynna það til fjármálaeftirlitsins án tafar en eigi síðar en innan tveggja vikna frá breytingunum.

Fjármálaeftirlitið getur á hverjum tíma tekið hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna til sérstakrar skoðunar.

17. gr.

Mat á hæfi í tengslum við umsókn um skráningu.

Ef mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna tengist umsókn um skráningu og viðkomandi framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður uppfyllir ekki hæfisskilyrði laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, verður félagið ekki skráð.

VI. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í 2. mgr. 37. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, og öðlast þegar gildi.

Seðlabanka Íslands, 3. febrúar 2023.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri háttsemiseftirlits.